

Fundargerð

Fundur stjórnar Fiskeldissjóðs, 26. fundur.

05.04.2022, kl. 09:30 til 11:00

Fundarstaður: Teams.

Mætt: Haraldur Líndal Haraldsson, Álfheiður Ingadóttir og Kjartan Dige Baldursson.

Hallveig Ólafsdóttir boðaði forföll.

1. Fundargerðir síðustu þriggja funda bornar upp.

Frestað.

2. Yfirferð umsókna

- a. Farið yfir gæði umsókna. Stjórn telur nauðsynlegt að óska eftir frekari skýringum vegna sjö umsókna frá fimm sveitarfélögum. Óskað verður eftir að svör berist sem fyrst svo unnt verði að taka umsóknirnar til mats.
- b. Almenn umræða um verkefni sem eru á undirbúningsstigi. Við úthlutun ársins 2021 var litið til þess að verkefni væri fyrst styrkhæf þegar sýnt er að þau komi til framkvæmda. Þannig eru verkefni á undirbúningsstigi of skammt komin til þess að hljóta styrk.

Í umsóknum ársins 2022 eru tvö verkefni sem talin eru á undirbúningsstigi og of skammt komin til þess að hljóta styrk frá Fiskeldissjóði á þessu stigi.

3. Önnur mál.

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið kl. 11:00

Kjartan ritaði fundargerð.